

SMITUÐ AF C-LIFRARBÓLGU



Inger Elisabeth Gisvold.

Norræn ráðstefna skurð- og svæfingarhjúkrunarfræðinga var haldin í Reykjavík í maí sl. Einn af fyrirlesurunum var Inger Gisvold frá Noregi en hún sagði frá reynslu sinni af því að smitast af C-lifrabólgu.

C-lifrabólgu smit er tiltölulega nýtt vandamál en veiran kom mönnum fyrst fyrir sjónir um 1990. Hún berst eingöngu með blóði og veldur sjaldan bráðaeinkennum. Því greinist smitið seint en mörgum árum seinna getur lifrin skorpnað eða krabbamein myndast í henni. Veiran er alvarleg ógn við alla sem komast í snertingu við blóð, ekki síst starfsfólk á skurðstofum.

Inger Gisvold tók hjúkrunarpróf 1967 og hefur því stundað hjúkrun í meira en fjórutíu ár. Hún lærði skurðstofuhjúkrun ári eftir útskrift og hefur unnið við hana alla tíð, lengst af á St. Olavssjúkrahúsinu í Prándheimi. Hún vann reyndar hálf ár á legudeild á Landspítalanum skömmu eftir útskrift en hefur verið á skurðstofu síðan. Í maí 2008 stóð hún eins og venjulega við skurðarborðið og aðstoðaði við að loka

skurðsári eftir aðgerð á kvið þegar hún skar sig á fingri. Hún lét vita af því og fór í blóðrannsókn eins og reglur segja til um. Nokkrum vikum seinna komu niðurstöður og þá fékk hún að vita að hún væri með C-lifrabólguveiruna í blóðinu.

Í ljós kom hins vegar að aðgerðarsjúklingurinn var ekki smitaður. Var þá leitað aftur í tímann og skoðuð gömul blóðsýni sem voru í geymslu á sjúkrahúsinu. Elsta sýnið, sem fannst, var frá 1997 en þá var tekin blóðprufa í sambandi við að Inger var bólusett við B-lifrabólgu. Á þeim tíma var ekki skimað eftir C-lifrabólgu en nú kom í ljós að niðurstaðan var jákvæð. Inger hafði því smitast af C-lifrabólgu einhvern tímann fyrir 1997 og hafði síðan unnið sem skurðstofuhjúkrunarfræðingur í meira en tíu ár.

Þetta var mikið áfall fyrir Inger. Samt sem áður var fyrsta hugsun hennar að hún yrði að segja samstarfsmönnum sínum frá því hvernig ástatt var fyrir henni. Hún talaði við deildarstjórnann og stakk sjálf upp á að haldinn yrði fundur með öllu starfsfólkinu, það er skurðlæknum, svæfingarlæknum, hjúkrunarfræðingum, aðstoðarfólki og ræstingafólki. Niðurstaðan varð að Inger þurfti að hætta að taka vaktir en gat unnið áfram á skurðstofunni. Á vöktum hefði hún þurft að geta aðstoðað við skurðarborðið en nú fær hún einungis að aðstoða í kring. Inger finnst vinnuveitandinn hafa verið mjög liðlegur og stutt hana á allan hátt. Á skurðstofunni, þar sem Inger vinnur, eru nú alltaf þrjú hjúkrunarfræðingar. Tveir þeirra skiptast á við að standa „í sárinu“ og aðstoða í kring en Inger er alltaf í sama hlutverkinu. Að öðrum kosti hefði hinn hjúkrunarfræðingurinn alltaf þurft að klæðast sóttthreinsuðum fötum og aðstoða við skurðarborðið. Reynt er að hafa þrjá hjúkrunarfræðinga einnig á öðrum skurðstofum en það er ekki regla.

Stundum þegar Inger aðstoðar í kringum aðgerð langar hana mjög mikið að

„fara í sárið“ eins og hún orðar það en huggar sig þá við að hún verður að telja sig heppna að fá yfirhöfuð að vera á skurðstofu. Hún segist vera mjög ánægð með að hafa gert veirusmit sitt opinbert og þar með er hún laus við allt leynimakk og umtal eða spurningar um af hverju hún vilji ekki standa við skurðarborðið í aðgerðum.

Meðferðin var löng og ströng og óvíst er hvort hún hefur gert gagn. „Ég hafði sjálf samband við smitsjúkdómadeild til þess að ræða um meðferðina við C-lifrabólgu. Læknirinn minn tjáði mér að meðferðin myndi taka um eitt ár. Aukaverkanir voru margar og litlar líkur á að meðferðin myndi gera gagn. Ég ræddi þetta við fjölskylduna og við skurðlækni á öðru sjúkrahúsi en hann hafði smitast nokkrum árum fyrr. Þessi læknir ráðlagði mér að fara í meðferð. Þá hefði ég að minnsta kosti gert það sem ég gat en ég myndi sjá eftir því ef ég færi ekki í meðferð og myndi svo veikjast,“ segir Inger.

„Lyfin gerðu mig veika, þetta var eins og að ganga í gegnum krabbameinsmeðferð. Eftir viku fór ég að fá einkenni eins og höfuðverk, hita, slappleika og magaverk. Þetta stóð í 11 mánuði. Ég gat lítið stundað vinnu en reyndi þó. Ef ég gat fór ég í vinnu á föstudögum á starfsmannafund og reyndi svo að gera eitthvað smáræði. Þetta gerði ég allan tímann meðan ég var veik og það hjálpaði mér mjög mikið,“ segir hún. Henni fannst mjög mikilvægt að halda tengslum við vinnustaðinn og ekki skrá



St. Olavssjúkrahúsið í Prándheimi.

sig úr vinnu. „Þá er svo miklu auðveldara að koma aftur eftir veikindin því þá hefur maður aldrei verið í burtu. Ég fór í grænu fötin og hafði með mér nesti þegar ég fór í vinnu á föstudögum.“ Þegar hún byrjaði svo aftur að vinna eins og venjulega fannst samstarfsmönnum það ekkert tiltökumál.

Inger telur að það hljóti að vera mjög erfitt að vera í burtu í heilt ár án þess að halda tengslum við vinnufélaga, stjórnendur og það sem er að gerast á vinnustaðnum. „Því segi ég við alla sem eru með langvinnan sjúkdóm – reyndi að fara í vinnu, þó ekki sé nema til að koma við og sýna sig. Ég held að margir uppgötví smám saman hversu mikilvægt þetta er.“

„Núna líður mér vel. Ég er áfram með veiruna, ég hef eiginlega eins mikið af veirunni í líkamanum og fyrir meðferðina. En ég lífi eðlilegu lífi, fer í göngutúra og á skíði, ég er virk kona. Ég hugsa ekki um þetta daglega en auðvitað kemur það fyrir þegar ég er í vinnu og er að horfa á stórar aðgerðir að mig langar að „fara í sárið“. Svona er þetta bara og ég hef sætt mig við það.

Það er kannski boðskapur minn að ef maður stingur sig eigi að láta athuga það strax. Það er mikilvægt að hafa það á skrá að maður hefur smitast í vinnu,“ segir Inger. Í Noregi er talsvert auðveldara en til dæmis á Íslandi að fá slíkt smit viðurkennt sem atvinnusjúkdóm.

Lifrabólga af völdum veira

Samtals er vítað um fimm veirur sem valda lifrabólgu. Þær eru auðkenndar með stöfunum A-E.


A-lifrabólga er „ferðamannaveiki“ sem auðvelt er að fá í útlöndum. Einkenni eru uppköst og niðurgangur en veikin gengur yfirleitt yfir á nokkrum dögum eða vikum.

B-lifrabólga smitast með blóði. Bóluefni hefur verið til sjðan 1986. Landlæknir mælir með að heilbrigðisstarfsfólk, sem kemst í snertingu við blóð og

blóðhluta, sé bólusettt og einnig börn smitaðra, fólk í blóðskilun, fólk sem þarf tíðar blóðgjafir, samkynhneigðir karlar, sprautuefnafíklar og fólk í sambýli með einstaklingum með B-lifrabólgu.

C-lifrabólga smitast einnig með blóði. Hún er ekki eins algeng og ekki er til bólusetning við henni. Á seinni árum hefur C-lifrabólga breiðst mikið út hér á landi meðal sprautufíkla.

Lítið er vítað um lifrabólgu af D- og E-gerð.



Mynd af B-lifrabólguveirunni tekin í rafeindasmásjá.

Inger gat ekki sannað hvenær og hvar hún smitaðist en hefur samt fengið lifrabólguana viðurkennda sem vinnu- tengd veikindi. „C-lifrabólga er ný veira sem kom ekki fram fyrir en á tíunda áratugnum. Vitað er að ég smitaðist fyrir 1997 og ég hef alltaf unnið á skurðstofu þannig að það tókst að sannfæra yfirvöld um að það sé langlíklegast að ég hafi smitast á skurðstofu. Ég hef lifað mjög heilsusamlegu lífi og hef aldrei fengið blóðgjöf eða þess háttar,“ segir Inger.

Þar sem hún getur ekki tekið vaktir hefur hún lækkað í launum. Því fær hún nú uppbót frá sjúkratryggingunum. Fyrir utan áfallið og veikindin, sem fylgja lyfjameðferðinni, getur það verið mikil vinna að standa í því að sækja sinn rétt. Inger fékk ókeypis lögfræðiaðstoð hjá norska hjúkrunarfélaginu en hún telur lögfræðing félagsins eiga stóran þátt í að viðurkennt var að hún hefði smitast í vinnu. „Ef lögfræðingsins hefði ekki notið við veit ég ekki hvort ég hefði ráðið við þetta sjálf. Ég hef stóra möppu alveg fulla af pappírur

Forvarnir við C-lifrabólgu

Sá sem stingur sig á nál eða öðru oddhvössu áhaldi getur lítið gert annað en að þvo sér vel og vona að sjúklingurinn hafi ekki verið smitaður. Ekki er til bóluefni og lyfjameðferð hrífur yfirleitt ekki vel. Forvarnir eru því úrslitaatriði.

Fyrir skurðstofuhjúkrunarfræðinga eins og aðra sem komast í snertingu við blóð eru góðar vinnuaðferðir mikilvægar. Nota þarf réttu hanskana og fara varlega með öll áhöld.

Bera þarf kennsl á sjúklinga sem geta verið smitaðir og íhuga að rannsaka blóð þeirra fyrir aðgerð. Rætt hefur verið um að skima eftir C-lifrabólguveirunni reglulega hjá starfsfólki á skurðstofum.

um þetta – vottorðum, bréfaskriftum hingað og þangað,“ segir Inger.

Að sögn Inger telur læknir hennar að hún geti lifað í mörg ár án þess að finna fyrir veikindum. Hún er einkennalaus og blóðprufur og ómun sýna að lifrin er í lagi. En það getur líka breyst hratt. Nú er Inger 66 ára og stutt er í eftirlaunin. „Nú er bara

að vona það besta. En ég er gangandi smitberi og ég þarf að hugsa um það, til dæmis ef ég sker mig,“ segir hún.

Inger hvetur að lokum alla til þess að hugsa vel um að vernda sig, nota tvöfalda hanska, fara varlega með öll oddhvöss áhöld og láta athuga sig strax ef svo illa vill til að menn stinga sig.

bætum hreinlætið með Virkon RelyOn

Virkon... alveg einstakur sóttþreinsir



kemi Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík Sími: 544 5466 www.kemi.is

Virkon® Sóttþreinsirinn sem margir hafa reynt að stæla en engum tekist